

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 418/1994, um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

1. gr.

4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Í stað „sjá viðauka 3“ í 4. mgr. í viðauka 1, liðnum i Varnaðarorð, kemur: sjá sérlyfjaskrá.

3. gr.

Viðauki 3 í reglugerðinni fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. júní 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1998.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 1998:

- a) Í júlí 1998 skal greiða 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 1998 skal greiða 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. júní 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.